



Áhugategnt nám 9. bekkur 2024-2025

Nemendur mæta í kennslustund einu sinni í viku og vinna einnig sjálfstætt í skóla eða heima fyrir. Áhersla er á að nemendur fái tækifæri til að skapa verkefni tengd eigin áhugasviði undir leiðsögn kennara. Nemendur eru hvattir til að gera tilraunir með efni og aðferðir, rannsaka möguleika til úrlausna og finna tengingar og fyrirmyndir sem nýtast til að ná betri tókum á verkefninu. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að rækta með sér áhuga og þekkingu á fjölbreyttum viðfangsefnum.

Kennsluáðferðir

Kennarar fylgjast með vinnuferli nemenda og skoða viðfangsefni þeirra jafnt og þétt yfir önnina. Nemendur fara yfir leiðbeinandi athugasemdir frá kennara og eiga að skoða hvernig þeir geta kafað dýpra í námsefnið, nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni frá kennara á uppbyggilegan hátt. Viðmið leiðsagnarnáms eru höfð í huga þegar kennarar gefa endurmat á vinnu nemenda.

Námsefni og gögn

Nemendur eru hvattir til að beita skapandi hugsun, ígrunda og nota rafrænt námsefni/forrit til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Google Classroom er notað til að skila inn verkefnum nemenda og kennarar skrá þar inn endurgjöf.

Námsmat

Áhugategnt nám er metið eftir fyrir fram gefnum hæfniviðmiðum byggðum á lykilhæfni Aðalnámskrár. Áhersla er lögð á endurgjöf þar sem nemendur fá tækifæri til að breyta og þróa vinnu sína áður en verkefnið er full unnið.

Verkefni nemenda sem eru metin:

- lyfturæða þar sem hugmynd af verkefni annarinnar er kynnt í stuttu myndbandi. Þar segja nemendur frá hugmyndum sínum í stuttu máli, hvað þeir vilja læra og hvaða leiðir þeir ætla að fara til að ná markmiðum sínum
- dagbók þar sem nemendur skrá vinnuferli sitt, vanda framsetningu, fallettri uppsetningu og setja inn myndir og myndbönd af vinnuferlin
- kynning á lokaverkefninu þar sem nemendur eiga að kynna verkefni sitt á skýran og skapandi hátt, segja frá vinnuferlinu og ígrundunum sínum við lok verkefnisins

Kennarar: Erna Björg Guðlaugsdóttir, Guðbjörg Bjarnadóttir, Guðrún Þóra Bjarnadóttir, Haraldur Þorvarðarson, Karen Ósk Úlfarsdóttir, María Skúladóttir, Matthías Jochum Matthíasson, Sigríður Rafnsdóttir og Þuríður Aðalsteinsdóttir